

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað, sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Norðan Miðbrautar er lífrænum úrgangi safnað sérstaklega, en sunnan Miðbrautar gefst íbúum kostur á að kaupa jarðgerðartunnu með aðstoð sveitarfélagsins.

Þá er lagt á sérstakt gjald á búfjáreigendur til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og miðast gjaldið við að standa undir hluta af áætluðum kostnaði við förgunina fyrir hverja búfjártegund.

3. gr.

Á hverja íbúð greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta, staðsetningu og úrgangstegund:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
Sunnan Miðbrautar	22.531 kr.	30.460 kr.	48.354 kr.	67.476 kr.
Norðan Miðbrautar	27.117 kr.	30.460 kr.	48.354 kr.	67.476 kr.
	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
<i>Endurvinnslutunna:</i>	13.903 kr.	16.709 kr.	26.815 kr.	31.849 kr.
	<i>140 l</i>	<i>360 l</i>		
<i>Liffrænn úrgangur:</i>	29.904 kr.	36.155 kr.		

4. gr.

Á hvert frístundahús er lagt sorpeyðingargjald kr. 11.567 enda geti notendur þeirra losað sig við sorphirðu á gámasvæði á vegum sveitarfélagsins.

Eigendur frístundahúsa geta samið um að sorphirðu verði tekið hjá þeim á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst, enda séu sorphirðunum höfð aðgengileg fyrir verktaka sem sjá um sorphirðuna. Sorphirðan fylgir þá sömu reglum og sorphirða sunnan Miðbrautar og skal greiða fyrir þjónustuna 50% af sorphirðugjaldi íbúða sunnan Miðbrautar í stað sorpeyðingargjaldsins.

5. gr.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvorrar búfjártegundar samkvæmt búfjártegundartölum og er eftirfarandi:

<i>Nautgripir</i>	1.208 kr./grip	<i>Sauðfé og geitfé</i>	145 kr./grip	<i>Grisir</i>	564 kr./grip
<i>Geldneyti</i>	604 kr./grip	<i>Hross</i>	223 kr./grip	<i>Hænur</i>	17 kr./grip

6. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skal lagt á og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var staðfest af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 7. desember 2023, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 350/2023 úr gildi.

Eyjafjarðarsveit, 18. janúar 2024.

Stefán Árnason skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 5. febrúar 2024